

Betri heimur

Samþætt þemaverkefni fyrir yngsta stig Áhersla á grunnþáttinn sjálfbærni



Verkefnalýsing

Verkefnið er 27 námseiningar í sex hlutum sem hægt er að taka fyrir í einu samfelldu þema eða að brjóta niður í fjögur samfelld þemu.

Fyrsti hlutinn er kveikja og forþekkingarvinna en svo tekur við annar hluti „**Heimurinn batnandi fer**” þar sem fjallað er um fólk á flóttu. Nemendur kynna sér fólk á flóttu og koma síðan með tillögur um hvernig gott sé að taka á móti fólki sem flýr til Íslands og setja sig í spor þeirra. Nemendur kynna sér hvernig BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA ætti að nýtast börnum og kynna svo verkefnin sín í lokin - annaðhvort fyrir öðrum nemendum skólans, foreldrum eða skólastjórnendum. „**Betra umhverfi**” er þá þriðji hlutinn, þar fjalla nemendur um sjálfbærni og velta fyrir sér hvort að þeir sjálfir mengi eða ekki. Í þessum hluta safna nemendur plasti heiman frá sér í heila viku og vinna endurvinnslulistaverk. Í þessari lotu er líka STEAM hönnunaráskorun. Í fjórða hlutanum „**Betri heimur fyrir dýrin okkar**” vinna nemendur hýbýlakassa fyrir dýrin sín í hönnun og smíði og læra um útrýmingarhættu. Í fimmta hlutanum „**Betra andrúmsloft fyrir alla**” búa nemendur til koltvísýring og velta fyrir sér mengun og leiðum til að draga úr henni. Sjötti og síðasti hlutinn er tvö STEAM verkefni sem hægt er að grípa í eða vinna í lokin.

- **Áætluð lengd:** Heildartíma fjöldi getur verið til dæmis 2x2 kennslustundir á viku í eina önn. Hægt er að láta valverkefnin taka smám saman við, þegar hóparnir ljúka sínum verkefnum. Það er líka auðvelt að fara á dýptina með verkefni og nota þannig meiri tíma í hvert þeirra og jafnvel hafa verkefnið sem fasta tíma í töflu nemenda yfir heilt skólaár. Sumar námseiningar eru þannig að þær má vinna með í nokkrar kennslustundir. Mikilvægt er að kennarar lesið verkefnið vel í gegn og geri þær breytingar sem henta. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að námslotan sé samfelld er auðvelt að taka einstök verkefni út og vinna með.
- **Námsgreinar:** Íslenska, list- og verkgreinar, lykilhæfni, náttúrugreinar, enska, samfélagsfræði, stærðfræði og UT. STEM er bæði samþætt inn í námsferlið og svo fylgja viðbótarverkefni með í lokin.
- **Yngsta stig:** Þetta þemaverkefni er skrifað fyrir yngsta stig. Verkefnið má þó auðveldlega vinna með eldri nemendum, með því að uppfæra hæfniviðmiðin og aðlagða viðfangsefni. Megináhersla þessa verkefnis er þjálfun í frumkvöðla- og nýsköpunarhugsun.

Áður en lagt er af stað

Öll þemaverkefnin í Nýsköpunarlyklinum byggja á grunnþáttum menntunar, lykilhæfni og viðmiðum faggreina. Þetta verkefni byggir sérstaklega á grunnþættinum sjálfbærni þó að vissulega komi aðrir grunnþættir líka við sögu. Þemaverkefninu **Betri heimur** er ætlað að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og í eflingu á nýsköpunar- og frumkvöðla hugsun. Í þessu verkefni fá nemendur tækifæri til að nota eigin hugmyndir til sköpunar, koma þeim á framfæri og finna lausnir á áskorunum heimsins í dag. Á yngsta stigi eru nemendur að taka fyrstu skrefin í sjálfstæðum vinnubrögðum, ígrundun um verkefni og nám sitt, þjálfast í að vinna í hóp og að tjá sig og skoðanir sínar á uppbyggilegan hátt. Í öllu ferlinu er mikilvægt að nemendur geti rökstutt mál sitt, bæði munnlega og skriflega.

Kortlagning ferilsins

Þemaverkefnið **Betri heimur** gengur í meginatriðum út á að nemendur, í gegnum heildstætt námsferli, fái tilfinningu fyrir því og skilji að heimurinn er ekki alslæmur og að það sé skref sem þeir sjálfir geta stigið til þess að hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni heimsins. Leitast er við að í gegnum vinnu með nemendum geti þeir tileinkað sér mikilvæg hugtök sem eru bæði erfið og óhugnanleg - en með jákvæðum formerkjum og í tengslum við umhverfi barnanna. Mikið er lagt upp úr samvinnu og samstarfi nemenda og vinnu með lykilhæfni. Markmiðið er að nýta samvinnuna til þess að styrkja félagsfærni, efla samkennd og auka virðingu fyrir samnemendum.

Í þemaverkefninu **Betri heimur** er búið að útfæra dæmi um námsferlið í þemaverkefninu og byggja samvinnuna þar inn í. Kennurum er falið að útfæra hópaskiptinguna á fjölbreyttan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur vinni í persónulega stílabók og haldi utanum efnið sitt þar, það tryggir að nemendur vinni á sínum forsendum en geti bætt við sig með hugmyndum frá námsfélögum. **Við hvert verkefni inni í námsferlinu hafa verið sett fram hæfniviðmið og viðmið um árangur nemenda. Hægt er að meta hvern þátt um leið og hann hefur verið unninn.**

Nemendur halda utan um vinnu sína í stílabók sem með tímanum myndar feril verkefnisins frá hugmynd að lokaafurð. Til að stílabók nemenda þjóni sínu hlutverki sem best er mikilvægt að leggja áherslu á að nemendur skrái ávallt hjá sér dagsetningu og að þeir verði hvattir til að setja niður sem mest af upplýsingum, líma inn myndir og skrá hjá sér á meðan á umræðum og samræðum standur.

Námsefnið er sett fram sem efni eða amboð. Nemendur geta líka valið sér sitt eigið efni og geta amboðin aðstoðað nemendur við að finna eigið efni eða ítarefni. Allt þemað er óháð ákveðnu námsefni. Gott er að kennarar taki til það námsefni sem til er í skólanum og leggi fram svo það sé aðgengilegt nemendum í kennslustofunni.

Tékklisti kennara

- ☐ **Betri heimur** er aðgengilegt á Námsgagnatorginu www.namsgagnatorg.is
- ☐ Kjarninn í þemanu er að tengja saman hug og hönd - það er mikilvægt að undirbúa efnivið og vinna með list- og verkgreina kennurum að undirbúningnum.
- ☐ Ef aðstæður eru þannig í skólanum að nemendur séu með tæki á mann þá er hægt að setja verkefni nemenda upp í námsumsjónarkerfi eins og Google Classroom, Teams eða þess háttar.
- ☐ Fara vel yfir öll verkefni í þemanu og lesa bæði það sem snýr að nemandanum og kennaranum.
- ☐ Skoða alla hlekki og tillögur að námsefni og skipta út og gera að sínu.
- ☐ Finna til bækur sem eru til í skólanum og passa þemanu og búa þannig til lítið bókasafn í stofunni eða á bókasafninu.
- ☐ Lykilhugtök og skýringar - er eitthvað sem upplagt er að bæta við?
- ☐ Skoða og breyta hvaða stafrænu tækni nemendur í viðkomandi skóla hafa aðgang að.
- ☐ Setja sig í aðstoðarmannagírinn. Í þessu verkefni fá nemendur að stjórna miklu og kennaranum ætlað að styðja við með **leiðbeinandi** kennsluaðferðum.
- ☐ Skoða hvort að útfæra þurfi einstaka hluta sérstaklega fyrir ákveðinn hóp nemenda. Verkefnin hafa öll lágan þröskuld en hátt þak - en þarf örugglega að aðlaga sérstaklega að einhverjum nemendum.
- ☐ Í ferlinu er mikilvægt að hafa opin augu og eyru fyrir hugmyndum nemenda. Það er alltaf möguleiki að fá nemendur til að vinna saman að því að skapa og koma í framkvæmd einhverjum af þeim framtíðarlausnum sem þeir ræddu.
- ☐ Með þemaverkefninu eru fjölmargar leiðir til að fá foreldra til að hjálpa. Sem dæmis má kalla foreldra inn til að hjálpa við einstök verkefni og það má hvetja til umræðu heima þegar nemendur vinna við ákveðnar námseiningar.
- ☐ Kynningar koma reglulega fyrir. Mikilvægt er að hvetja nemendur til að spyrja hvort annað út í verkefnin og að fá áhorfendur sem spyrja uppbyggilegra spurninga. Undirbúa nemendur fyrir þetta.
- ☐ **Hver og einn skóli þarf að bera ábyrgð á réttindamálum er varðar sýningar á kvikmyndum og efni af netinu. Í öllum tilvikum er hægt að skipta eiginlegum kveikjum, bókum og námsefnum út fyrir annað.**

Lykilhugtök og hjálparorð

Lykilhugtök

- **Sjálfbærni:** Snýst um að allir gangi þannig um jörðina að hún jafni sig og geti endurnýjaði sig þegar við höfum tekið eitthvað frá henni.
- **Flóttamenn:** Fólk sem neyðist til þess að flýja landið sitt vegna þess að þar er stríð eða of heitt til að búa þar.
- **Koltvísýringur:** Koltvísýringur eða koldíoxíð er hluti af súrefninu sem við þurfum til að anda að okkur og lífa.
- **Hlýnun jarðar:** Þegar mengun verður of mikil lokast sólargeislar inni í lofthjúpi jarðar og hita hann of mikið.
- **Dýr í útrýmingarhættu:** Dýr sem geta ekki átt nógu marga unga til að geta viðhaldið sér.
- **Náttúruvernd:** Þegar fólk gerir eitthvað til þess að vernda náttúruna.
- **Mengun:** Þegar við göngum illa um jörðina og hendum rusli sem eyðist ekki eða mengum loftið.
- **Endurvinnsla:** Þegar við tökum hlut og notum hann aftur í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað, til dæmis þegar plastflaska verður innkaupapoki.
- **Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna:** Sáttmáli sem fullorðin fólk hefur gert til þess að tryggja rétt barna.

Gæðagreining - Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamennt

Nýsköpunarskóli nýtir [Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamennt til viðmiðunar þegar nám og kennsla er útfærð með skapandi hætti](#) sem viðmið um sköpunargildi verkefna nemenda.

Þemaverkefnið **Betri heimur** er nýsköpunarverkefni vegna þess að þar reynir á:

- **Athafnahæfni:** Með þemaverkefninu **Betri heimur** er unnið að athafnahæfni með því að nemandinn tekur virkan þátt í verkefnum, tekur þátt í samstarfi, kynnir niðurstöður og verkefni og miðlar þekkingu með líkönum, skissum og myndrænni tjáningu. Nemendur öðlast þekkingu á einfaldri verkefnastýringu, skipulagningu og úrræðum. Nemendur öðlast þekkingu á samskiptum, líkönum og myndrænni tjáningu.
- **Sköpunarhæfni:** Með þemaverkefninu **Betri heimur** er unnið að því að nemandinn geti unnið sjálfstætt, með tilraunum og könnunum í skapandi ferli og metið niðurstöðurnar á grundvelli faglegrar þekkingar og fagurfræðilegra viðmiða. Nemendur tengja fagleg þekkingarsvið námsgreinanna íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og list- og verkgreina. Nemendur taka þátt í lausn vandamála, vinna í skapandi ferli, taka þátt í sköpun hugmynda og eiga samtöl um mat á hugmyndum og eigin framistöðu. Nemendur öðlast þekkingu á hugmyndaflugi og tengja, sjá og skilja hvernig þeir geta mótað eigin verkefni og viðmið.
- **Skilningur á umheiminum:** Með þemaverkefninu **Betri heimur** er unnið að því að nemandur geti á grundvelli skilnings á eigin sjálfsmynd og menningarlegum bakgrunni ratað í ólíku tæknilegu, efnahagslegu, menningarlegu og félagslegu samhengi. Nemendur bera saman ólíka menningarheima, eiga samtöl um möguleika og vandamál í heiminum og ræða skilning sinn á honum. Nemendur öðlast þekkingu á ólíkum menningarheimum í gegnum verkefni sín og finna leiðir til að byggja upp og skipuleggja réttlát samfélög.
- **Persónuleg úrræði:** Með þemaverkefninu **Betri heimur** er unnið að því að nemandur öðlist hugrekki og vilja til að láta reyna á sjálfan sig og félaga sína og taki ábyrgð á eigin verkefnum og annarra. Með verkefnum nemenda er ætlast til þess að nemandur taki frumkvæði með öðrum. Með verkefninu reynir á þrautseigju nemenda, viðurkenningu á eigin mistökum og annarra.

Námsferli nemenda	Fyrir kennara	Hæfniviðmið	Amboð
Kveikja Kennarinn sýnir ykkur kvikmynd. Þegar myndin er búin þá ræðir þú um hana við aðra nemendur. Kennarinn skiptir ykkur í hóp á til að ræða málín í hópum eða pörum. Svarið saman eftirfarandi spurningum og skrifið svörin í stílabækurnar ykkar. • Lærðuð þið eitthvað af því að horfa á þessa mynd? • Eru einhver skilaboð sem verið er að koma til skila með myndinni? • Er eitthvað sem þið skilduð ekki í myndinni? • Hvað var skemmtilegast við myndina? • Hvað fannst ykkur verst eða leiðinlegast við myndina? Í umræðunum er mikilvægt að taka þátt og vera kurteis. Það er allt í lagi að vera ósammála, engin skoðun er röng skoðun.	Kveikja Myndin Wall-E fjallar um sorphreinsunarvélmenni sem er eitt eftir á jörðinni ásamt engilsprettu. Myndin er til með íslensku tali og gæti vel hentað sem kveikja fyrir svona verkefni. Það eru til fjölmargar aðrar bíómyndir sem hægt er að nota. Kveikjunni er ætlað að vekja börn til umhugsunnar um ágang mannanna á jörðinni. Þá má líka nota þættina af Krakka RÚV um heimsmarkmiðin. Myndin Wall-E snýst um sjálfbærni. Í henni er sýnt hversu skaðleg mikil neysla er, bæði fyrir jörðina og fyrir fólkið. Myndin getur verið uppspretta alls konar umræðu með ungum nemendum. Nemendur svara ígrundunarspurningum en hér eru nokkrar leiðbeinandi spurningar til viðbótar. Það er ekki mikilvægt að nemandur svari öllum spurningunum - aðal málið er að nemandur spjalli saman um innihaldið og velti fyrir sér innihaldinu. Hér eru leiðbeinandi spurningar eftir áhorf á Wall-E 1. Af hverju er allt þetta rusl á jörðinni? 2. Hvað verður um rusl sem við hendum út í geim? Hverfur það? 3. Af hverju voru allir feitir? 4. Hvers vegna er snerting mikilvæg í myndinni? 5. Gætum við þurft að flytja í geimskip árið 2100? (Þegar talað er um framtíðina er oft gott að ræða um sama árafjölda aftur á bak og velta fyrir sér breytingum sem hafa orðið frá þeim tíma). 6. Sjálfbærni er frekar nýtt orð og þið lærið í þessu verkefni hvað það þýðir. Í myndinni er talað um ósjálfbærni. Hverju var þá verið að lýsa? 7. Hvað getum við gert til að ekkert af þessu sem sýnt í myndinni gerist? Það er mikilvægt að benda nemendum á að vera kurteis og að taka þátt í	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Lykilhæfni - Tjáning og miðlun Nemandi getur tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt. - tekur þátt í umræðum og ber virðingu fyrir skoðunum annarra. Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. - tekur þátt í umræðum sem snerta myndina og sýnir skilning á vandamálunum sem þar birtast.	Amboð Wall-E - kvikmynd, 2008 Disney Krakka RÚV - Heimsmarkmiðin. Sjálfbærni Fyrir kennara Verður heimurinn betri: 2019 Hlutverk í samvinnuverkefnum

	samtölum og samvinnu, því að það er hluti af námsmati fyrir þessa einingu.		
Giskaðu hvað orðin þýða? Byrjaðu á því að skrifa dagsetninguna (hvaða dagur er í dag) í stílabókina. Svo skrifar þú þessi orð í bókina; • sjálfbærni • flóttamenn • koltvísýringur • hlýnun jarðar • dýr í útrýmingarhættu • náttúruvernd • mengun • endurvinnsla • Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna Þegar þið eruð búin að skrifa orðin þá ræðið þið saman um hvað þau þýða. Ekki hika við að giska! Á meðan þið eruð að spjalla þá er gott að skrifa hjá sér hvað þið haldið að orðin þýði. Þetta er oft kallað að glósa. Finnst þér vanta eitthvað til að útskýra orðin betur? Skrifðu það í stílabókina. Mundu að setja stóran staf eftir punkti.	Giskaðu hvað orðin þýða? Nemendur vinna þetta þema að miklu leyti í stílabækur. Samtalið skiptir þó mestu máli. Hér er gott að ræða við nemendur um glósur og hvað það þýðir að skrá hjá sér nýja hluti til að reyna að muna eða læra betur. Lykilhugtökin sem við vinnum með í þessu þema eru: Sjálfbærni, flóttamenn, hlýnun jarðar, koltvísýringur, dýr í útrýmingarhættu, náttúruvernd, mengun og endurvinnsla. Einfaldar skýringar á orðunum eru í amboðum. Þessar skýringar má prenta út fyrir nemendur sem þess þurfa. Á þessu stigi er ekki mikilvægt að svör nemenda séu rétt, heldur er ætlast til að þeir geti skoðað þetta aftur í lokin og séð hvort að þeir hafi öðlast nýjan skilning á hugtökunum. Nemendur skoða þessi hugtök og ræða saman í litlum hópum. Þeir skrá allt sem þeir vita um í stílabækurnar sínar. Þegar þeir hafa spjallað og skráð hjá sér þá getur kennarinn farið yfir orðin á töflunni og kallað eftir umræðum og hugmyndum. Þessu verkefni á ekki að ljúka með því að allir hafi rétt svör. Bara léttar umræður. Framundan er heilt þema þar sem nemendur eru smám saman að tileikna sér þessi flóknu hugtök. Í þessu þema eru nokkur ritunarmarkmið. Í þessari einingu eru nemendur minntir á að setja stóran staf á eftir punkti.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla. - tekur fullan þátt í samvinnu innan hóps og getur bent á eigið framlag. Náttúrugreinar - Vinnubrögð og færni Nemandi getur tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðu. - vinnur með hóp við að finna líklegar útskýringar á hugtökum og skrifar í stílabókina sína. Íslenska - Ritun Nemandi getur dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. - skrifar útskýringar á lykilhugtökum í stílabókina. Íslenska - Ritun Nemandi getur beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. - byrjar setningar á stórum stöfum.	Amboð Lykilhugtök
Heimurinn batnandi fer			
Námsferli nemenda	Fyrir kennara	Hæfniviðmið	Amboð

Heimsins besti heimur Kennarinn skiptir ykkur í hópa. Þið fáið eitt stórt blað og skiptið því í tvennt. Hugsið um börn um allan heim. Hvernig er heimsins besta umhverfi sem þið getið hugsað ykkur fyrir þau? Hvernig getum við farið vel með heiminn okkar og passað upp á að jörðin okkar endist? Teiknið og skrifið allt sem ykkur dettur í hug að sé heimsins besta umhverfi sem börn geta búið í. Hinumegin á blaðinu setjið þið það versta sem þið getið hugsað ykkur að börn þurfi að búa við. Þegar þið eruð búin að teikna þá útskýrið þið fyrir bekknum hvað þið teiknuðuð, skrifuðuð og rædduð.	Heimsins besti heimur Markmiðið með þessu verkefni er að fá nemendur til að spjalla sama, koma sér saman um og segja frá heiminum eins og þeir sjá hann. Hlutverk kennarans er að fá nemendur til þess að setja á sig sjálfbærni „gleraugun“ og beita hugtakinu í umræðum sínum um heiminn. Það kemur skýrar fram síðar - það er ekki nauðsynlegt að leggja inn hugtakið strax frekar að reyna að fá nemendur til að sjá fyrir sér hvernig heimurinn getur enst okkur lengur. Hér er ekkert rétt og rangt. Sumir nemendur munu eflaust vilja tala um dýr frekar en börn og það er allt í lagi. Það getur líka hentað að skipta nemendum í hópa og annar hópurinn gerir það sem er best í heimi og hinn það sem er verst í heimi. Hér gæti líka verið gott að skerpa á hvað er góð hópavinna og fara yfir hvernig nemendur geta haft mismunandi hlutverk í hópavinnu. Sjá amboð.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Íslenska - Talað mál, hlustun og áhorf Nemandi getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. - tekur þátt í umræðum og gefur hljóð þegar það á við. Sýnir öðrum í hópnum fyllstu kurteisi. Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi. - tekur fullan þátt í verkefninu og sýnir jákvæðni og metnað til að gera vel.	Amboð Skapandi skóli: hópavinna
Fólk á flóttu Kennarinn segir ykkur sögu af fjölskyldum sem hafa þurft að flýja heimili sín. Þið vinnið með námsfélaga. Þegar kennarinn er búinn að segja ykkur frá fólki á flóttu skrifið þið í stílabókina ykkar hvað ykkur fannst um frásögina. Hjálparspurningar: • Hvernig leið þér að heyra þessa sögu? • Hvað myndir þú taka með þér ef þú yrðir að flýja heimili þitt fótgangandi? • Hvað er flóttamaður? • Hvað gæti gerst til að við þyrftum að flýja heimili okkar? • Hvað fannst þér áhugaverðast við söguna eða sögurnar sem kennarinn las eða þú sást í einni af bókunum? Munið að hafa stóran staf í upphafi setninga og hafið setningarnar ykkar stuttar og skýrar.	Fólk á flóttu Það er vandasamt að vinna með efni af þessu tagi. Í amboðalistanum eru nokkrar bækur sem hægt er að nýta en þær eru ekkert sérlega læsilegar né endilega góðar fyrir börn á yngsta stigi. Það er hinsvegar góð hugmynd að taka bækurnar til og hafa til staðar á meðan er verið að vinna með þemað. Best er að kennarinn velji sögu eða sögur til að lesa um fólk á flóttu úr bókinni Fólk á flóttu og fái nemendur til þess að setja sig inn í aðstæður fjölskyldna sem þurfa að flýja heimili sín - og vinna útfrá þeim. Ritunarmarkmið þessarar námseiningar er. stórir stafir í upphafi setninga og stuttar og skýrar setningar. Hér er sniðugt að vinna með námsfélaga og para sama nemendur sem eru líklegir til þess koma saman mynd og texta um fólk á flóttu.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Íslenska - Talað mál, hlustun og áhorf Nemandi getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. - tekur þátt í umræðum og gefur hljóð þegar það á við. sýnir öðrum í hópnum fyllstu kurteisi. Íslenska - Ritun Nemandi getur skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. - skrifar minnst 2-3 setningar á hverja glæru sem eru stuttar og skýrar og byrjar allar setningar á stórum staf. Íslenska - Lestur og bókmenntir Nemandi getur nýtt góðan orðaforða til að skilja texta og ráðið í merkingu orðsins út frá samhengi. - býr til orðalista úr bókinni sem tengist efninu og er með minnst 5 orð á sínum lista.	Amboð Fólk á flóttu Börn í okkar heimi; MMS Flóttamenn og farandfólk; MMS

Fjölskylda á flóttu Veistu að fólk flýr oft heimili sín vegna þess að þar er engan mat að fá lengur? Miklar breytingar á veðri valda til dæmis þurrkum á ákveðnum svæðum. Þá deyr gróður og dýr og fólk hefur ekkert að borða. Þessar breytingar eru vegna hlýnunar jarðar. Hlýnun jarðar hefur líka áhrif á Íslandi. Til dæmis á veturna þegar hver stormurinn á fætur öðrum gengur yfir landið. Hvernig heldur þú að það sé að vera á flóttu? Að þurfa að yfirgefa heimili sitt og vera hvergi velkomin? Reyndu að setja þig í spor flóttamanna og ímynda þér hvernig þeim líður. Vinnið þetta verkefni í hópum og búið til sögu fjölskyldu á flóttu. Fjölskyldan er á leið til Íslands. Gefið þeim nöfn og segið hvaðan þau koma. Útskýrið líka hvers vegna þau flýja heimalandið sitt og hvernig tekið er á móti þeim hérlandis. Hver nemandi í hóp býr sér til sína persónu og lýsir persónunni í stílabókinni sinni. Notið að minnsta kosti þrjú lýsingarorð sem varðar útlit persónunnar þinnar og önnur þrjú fyrir persónueinkenni hennar. Munið að hafa alltaf stóran staf í upphafi setninga og hafið setningar stuttar og skýrar. Þið skapið fjölskylduna ykkar eða einstaklingana sem þið hafið búið til. Þið megið búa til dúkkulísur, brúður, gervimenni í tölvum eða á annan hátt. Það sem þið skapið notið þið í kynningunni ykkar. Þegar verkefnin ykkar eru tilbúin, þá kynnir hópurinn fjölskylduna sína fyrir öðrum nemendum í bekknum og segir sögu þeirra.	Fjölskylda á flóttu Þetta verkefni er unnið í hópum. Hver hópur svarar saman en allir í hópnum skrifa í eigin stílabækur eða verkdagbækur. Það getur verið erfitt fyrir unga nemendur að átta sig á hvaðan fólk er að flýja og hvers vegna. Það er því mikilvægt að kennari hafi tiltækar fréttir eða vefsíður sem börnin geta leitað í. Þannig geta þau betur gert sér grein fyrir vandamálinu. Upplýsingaleit nemenda getur einnig stuðlað að því að kynningarnar fjalli um flóttamenn frá mismunandi svæðum. Sumir nemendur geta ráðið við að leita sjálfir að upplýsingum. Þeir ættu þó allaf að ræða við kennara áður en upplýsingarnar eru notaðar í verkefninu. Afurð verkefnisins er tvíþætt. Nemendur búa til sögu sem fer á veggspjald en þeir gefa henni líka líf með því að segja hana á skapandi hátt, til dæmis með leikþætti og dúkkulísum, brúðum, hreyfimyndum eða á annan hátt. Ritunarmarkmið í þessari námseiningu er það sama og í fyrri einingu. Það er, stór stafur við upphaf setninga sem eru stuttar og skýrar. Að auki að þjálfar nemendur í persónusköpun og notkun lýsingarorða.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Íslenska - Ritun Nemandi getur samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögur, frásögn, ljóð eða skilaboð. - semur sögu í samvinnu við aðra og skrifar setningar sem eru stuttar og skýrar og byrja allar setningar á stórum staf. Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á. - tekur þátt í sögugerð í hóp og sýnir metnað við eigin persónusköpun. Lykilhæfni - Nýting miðla og upplýsinga Nemandi getur leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum. - hópurinn velur svæði sem passar við verkefnið og segir frá raunhæfum ástæðum þess að fjölskyldan þeirra flýði heimaland sitt. Samfélagsfræði - Reynsluheimur Nemandi getur áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi. - sýnir fram á skilning á aðstæðum annarra og getur sett sig í þeirra spor. Íslenska - Málfræði Nemandi getur gert sér grein fyrir mismunandi hlutverkefni nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. - sýnir skilning á tilgangi lýsingarorða í eigin texta og notar þau á viðeigandi hátt.	Amboð Hreyfimyndir - Stop motion Um kvótaflóttafólk á Íslandi (fyrir kennara) Hrós og ígrundunarspurningar fyrir nemendur
--	--	--	--

Veruleiki flóttamanna Verkefnið hefst á því að kennarinn sýnir ykkur myndband frá alvöru flóttamannabúðum. Myndbandið fjallar um líf barna í búðunum. Síðan ræðir bekkurinn um myndbandið. Þið vinnið saman í hópum og veltið fyrir ykkur hvað væri hægt að gera til að auðvelda börnum lífið í flóttamannabúðunum. Verkefnið er að skapa eitthvað sem gæti bætt líf barna í flóttamannabúðum. Þið ákveðið saman hvernig þið skilið verkefninu. Fylgið meðfylgjandi ferli við hönnunina og svarið spurningum í ferlinu í stílabækurnar ykkar. Þið kynnið verkefnið ykkar og segið frá hvað væri hægt að gera til að auðvelda líf barna í flóttamannabúðum. Munið að skrifa ekki of langar setningar og að byrja allar setningar á stórum staf.	Veruleiki flóttamanna Þessu samvinnuverkefni er ætlað að sýna lífið í flóttamannabúðum. Amboðið sem hér fylgir er úr myndbandi úr flóttamannabúðum Sýrlendinga frá 2016 sem heitir Zaatari. Þessar búðir voru opnaðar 2012 og stúlkan í myndinni hefur búið þar síðan 2013. Þetta átti að vera tímabundin lausn en fólk hefur búið þarna árum saman. Það eru margar forvitnilegar staðreyndar á Wikipediasíðunni um Zaatari búðirnar. Ein er að í þessum búðum er stærsta sólarorkuver í flóttamannabúðum í heiminum: Orkuverið hefur bætt aðgang íbúanna að rafmagni verulega. Auk þess er talið að það minnki kolefnismengun frá búðum umtalsvert og spari gríðarlega peninga. Í myndbandinu eru mörg áhugaverð umræðuefni sem tengjast verkefninu ekki beint en gefa innsýn inn í menningarheim sem er frábrugðinn okkar. Stelpur og strákar eru til dæmis ekki saman í skóla, stelpur hafa ekki aðgang að tölvum eða íþróttum og fleira. Eftir að nemendur hafa horft á amboðið, er tilvalið að útskýra af hverju fólk ílengist í flóttamannabúðum og setja það í íslenskt samhengi. Útskýra að það eru ekki allir velkomnir hingað og að bara á árinu 2019 sendum við Íslendingar 173 flóttamenn sem hingað komu, aftur úr landi. Þetta gæti ýtt undir samhygð barnanna gagnvart flóttamönnum eða nýbúum sem þau hitta í skólanum eða síðar á lífsleiðinni. Amboðið er hægt að sýna sem 360° myndband eða með VR gleraugum ef að þau eru til. Þá geta nemendur sjálfir horft í kringum sig. Það þarf þó að hafa í huga að ung börn geta átt erfitt með að vera með VR gleraugu lengur en örfáar mínútur í einu. Kennari getur notað músina á tölvunni til að sýna mismunandi sjónarhorn. Í hverjum hóp ákveða nemendur hvað þeir telja að gæti hjálpað jafnöldrum í flóttamannabúðum að bæta líf sitt. Nemendur fara í gegnum einfaldað hönnunarferli sem fylgir með í amboðum ásamt spurningum (aftast í amboðinu) sem nemendur svara í stílabækurnar sínar. Þegar nemendur eru búnir, kynna þeir afurðina sína fyrir bekknum og hvernig hún gæti létt líf barna í flóttamannabúðum. Til að lengja þessa námseiningu, mætti biðja nemendur að hanna módel af því sem þeir gerðu úr endurvinnanlegum eða endurunnu efni sem er til heima eða í skólanum.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Samfélagsfræði - Hugarheimur Nemandi getur sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna. - finnur lausn sem getur létt líf barna í flóttamannabúðum og kynnir hana. Verkgreinar - Hönnun og smíði - Hönnun og tækni Nemandi getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. - teiknar skissu af hugmynd hópsins í stílabókina sína. List- og verkgreinar - Menningarläsi Nemandi unnið einföld verkefni í hóp. - tekur fullan þátt í samvinnu innan hópsins og getur bent á eigin framlag. Lykilhæfni - Skapandi og gagnrýnin hugsun Nemandi getur skipulagt efnistösk og aðferðir við úrlausn verkefna. - vinnur verkefnið samkvæmt leiðbeiningum í hönnunarferli.	Amboð Clouds over Sidra UN Clouds over Sidra (fyrir kennara) Zaatari flóttamannabúðirnar (fyrir kennara) Einfaldað hönnunarferli (sjá spurningar aftast) Hrós og ígrundunarspurningar fyrir nemendur
--	---	---	---

Barnasáttmáli SP Nú förum við í leik. Sumir nemendur eru blaðamenn, aðrir eru forsetar eða forsætisráðherra og aðrir eru börn, mömmur eða pabbar í flóttamannabúðum. Kennarinn hjálpar ykkur að skipta ykkur upp og þið megið koma með hugmyndir sjálf. Blaðamenn. Tala við fjölskyldurnar og spyrja fjölskyldurnar spurninga um lífið þeirra í búðunum um hvað sé skemmtilegt að gera og hvað sé ekki svo skemmtilegt. Forsetar og forsætisráðherrar. Svara spurningum blaðamanna og fjölskyldnanna. Fulltrúar sameinuðupjóðanna. Fræða fjölskyldurnar um BARNASÁTTMÁLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA. Búið til spurningar og svör og skrifið í stílabókina ykkar. Það sem þið skrifið verður handrit. Handritið notið þið til að taka upp viðtal þar sem þið notið spurningar og svör úr handritinu ykkar. Annar nemendinn er spyrjandi og hinn svarar. Æfið ykkur vel áður en þið takið upp. Þessi myndbönd verða til sýnis í lokin á verkefninu Betri heimur, þegar þið þjóðið foreldrum og öðrum áhugasömum á kynningu hjá ykkur.	Barnasáttmáli SP Þetta er hópverkefni. Markmið þess er að nemendur kynnist BARNASÁTTMÁLANUM í gegnum hlutverkaleik. Í þessum hluta er mikilvægt að leikurinn fái að þróast og að nemendur fái að hafa um það að segja hver verði hvað. Það skiptir ekki máli hvort að það séu margir eða fáir blaðamenn, bara að leikurinn fái að þróast og að þeir setji sig í hlutverk. Allar upplýsingar eru í amboði fyrir nemendur og þetta getur verið eins einfalt eða djúpt og hvert nemendapar treystir sér til. Til að dýpka þekkingu nemenda er hægt að leiða þá áfram með meðfylgjandi lista (aðeins sýnilegur kennurum). Verkefnið er tengt UT þannig að nemendur eru að læra að taka upp efni, æfa sig fyrir upptökur, skrifa vísi að handriti og svara áleitnum spurningum. Myndbönd nemenda verða til sýnis við lok þessa verkefnis. Gott er að nota sögukort til að afmarka myndbandsgerðina. Sjá amboð.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. - sýnir skilning á rétti barna skv. Barnasáttmála SP. Náttúrugreinar - Geta til aðgerða Nemandi getur tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum. - sýnir hvernig brotið er á réttindum barna á flóttu í verkefninu sínu. Íslenska - Ritun Nemandi getur skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. - skrifar handrit sem hann notar við gerð myndbands. Upplýsingatækni - Tækni og búnaður Nemandi getur notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu. - tekur upp myndband þar sem hvert par vinnur með eigið handrit.	Amboð Söguborð fyrir myndbandsgerð Barnasáttmáli SP Barnaheill á Youtube Dýpkun þekkingar Töfraskinna - Handrit
Ný í okkar landi? Hvernig þið viljið að sé tekið á móti flóttafólki og innflytjendum sem koma til Íslands? Hvernig mynduð þið t.d. vilja að það væri tekið á móti ykkur og fjölskyldu ykkar í ókunnugu landi ef að fjölskyldan ætti enga peninga og hefði enga vinnu? Skrifið núna yfirlýsingar með sannfærandi texta um hvernig þið viljið að tekið sé á móti fólki á nýjum stað og jafnvel í landi þar sem enginn skilur tungumál þeirra. Veljið 5 bestu yfirlýsingarnar og skrifið (og skreytið) á veggspjöld sem fara upp á vegg.	Ný í okkar landi? Markmið þessa verkefnis er að efla getu nemenda til að taka afstöðu. Þetta er líka partur í að þjálf getu til aðgerða. Reglurnar eða yfirlýsingarnar þurfa alls ekki að vera ítarlegar. Tilgangurinn er fremur að efla samhygð nemenda og hjálpa þeim að setja sig í spor flóttamanna. Gott er að einblína á sannfærandi texta og slagorðagerð jafnvel. Það eru góðar leiðbeiningar hér í amboðum frá MMS.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. - tekur þátt í gerð móttökuáætlanana og sýnir skilning á réttindum og stöðu flóttafólks. Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. - sýnir að hann virðir rétt allra til að búa í réttlátu samfélagi og að hann geti sett sig í spor flóttamanna. Samfélagsfræði - Félagsheimur	Amboð Sannfærandi textar Textategundir fyrir kennara. Skapandi skóli: hugtakakort

		Nemandi getur sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. - tekur þátt í gerð veggspjalds sem eiga við um flóttamenn sem koma til Íslands.	
Móttökuáætlun skólans Hvernig finnst ykkur að skólinn þinn ætti að taka á móti nýjum nemendum? Hvað eiga nemendur, kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn að gera? Hafið í huga að nemendur sem koma nýir inni í skólann geta verið flóttamenn eða bara nemendur sem eru að flytja á milli hverfa. Allir eru jafn mikilvægir. Hver hópur semur eins margar jákvæðar reglur fyrir áætlunina og þeim dettur í hug. Skrifðið þær í stílabækurnar ykkar. Þegar allir eru búnir, kynnið þið reglurnar ykkar fyrir hinum hópunum. Kennarinn hjálpar ykkur að kjósa 10 reglur sem koma frá öllum bekknum.	Móttökuáætlun skólans Hér er enn verið að vinna með getu til aðgerða. Nemendur semja móttökuáætlun fyrir skólann. Svona ung börn gætu til dæmis byrjað á reglu eins og: „Í þessum skóla pössum við að enginn sé einn í frímínútum”. Það má einnig beina þeim að fleiri svæðum í skólanum og innan bekkjarins, t.d. hvernig við vinnum með nýjum nemendum í tímum. Þetta er líka þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendur eiga að kjósa um tillögur bekkjarins. Þær tillögur sem valdar eru fara á skjal sem skólastjórnendur taka á móti. Kennarar ráða hvort að gert sé meira úr afhendingu áætlunarinnar. Nemendur geta kosið fulltrúa til að halda ræðu um verkefnið við afhendinguna. Það má líka vera með afhendinguna á sal fyrir framan aðra nemendur og starfsfólk allt eftir aðstæðum í skólanum (sjá næstu námseiningu).	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Samfélagsfræði - Félagshæfni Nemandi getur sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar og nefnt dæmi um slíkar reglur. - tekur þátt í að útbúa jákvæðar reglur um móttöku nýrra nemenda. Samfélagsfræði - Hugarheimur Nemandi getur sett sig í spor annarra jafnaldra. - sýnir í reglum hópsins að hann getur sett sjálfan sig í spor nýrra nemenda. Samfélagsfræði - Reynsluheimur Nemandi getur áttað sig á gildi samhjálpunar í samfélaginu. - sýnir skilning á mikilvægi þess að öllum finnist þeir velkomnir í skólann.	Amboð Móttaka nýrra nemenda af erlendum uppruna - fyrir kennara Hrós og ígrundunarspurningar fyrir nemendur
Kynning - heimurinn batnandi fer Nú er komið að því að bjóða gestum í heimsókn og sýna þeim það sem þið hafið búið til. Þið kynnið reglurnar, sýnið myndbönd, veggspjöld og annað sem þið hafið útbúið. Ákveðið með kennara hverjir fá að koma í heimsókn og hvernig það eigi að bjóða gestum.	Kynning - heimurinn batnandi fer Nemendur taka nú saman það sem þeir hafa gert í verkefninu og undirbúa kynningu. Hver bekkur/skóli ákveður hvort það eigi að bjóða foreldrum á þessu stigi, eða bíða með það þar til við lok verkefnisins. Þið ákveðið í sameiningu hvaða gestum er boðið á þessu stigi en það er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að kynna og afhenda skólastjóra móttökuáætlunina sem þeir settu saman.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla. - tekur fullan þátt í undirbúningi fyrir kynningu á verkefni og móttöku gesta.	Amboð Nemendur sýna verkefni sín dæmi Hrós og ígrundunarspurningar fyrir nemendur
Betri umhverfi			
Námsferli nemenda	Fyrir kennara	Hæfniviðmið	Amboð
Hvað er sjálfbærni? Orð dagsins er sjálfbærni . Kennarinn stjórnar umræðum og hjálpar ykkur að skilja þetta flókna orð.	Hvað er sjálfbærni? Í þessu samvinnuverkefni vinna nemendur saman í hópum og útbúa hugtakakort fyrir sig sem þeir vinna svo áfram með. Nemendur geta límt eða teiknað upp hugtakakortið í stílabækurnar sínar. Þegar því er lokið stýrir kennari umræðum um sjálfbærni. Nemendur geta notað	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Samfélagsfræði - Reynsluheimur Nemandi getur rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi. - sýnir skilning á hugtakinu sjálfbærni í hugtakakorti og í	Amboð Grænu skrefin - fyrir kennara Grænu skrefin fyrir

Þið búið til hugarkort. Skrifið og teiknið eins mikið og þið þurfið til þess að skilja hvað orðið stendur fyrir. Munið að dagsetja.	hugtakakortin til stuðnings í samtalinu. Hér er mikilvægt að hvetja nemendur til þess að bæta við meiri upplýsingum á hugtakakortið sitt eftir því sem umræðum vindur áfram. Grænu skrefin er frábært efni frá Menntamálastofnun og í kennsluleiðbeiningunum er mælt með því að leiða umræðuna að því að þiggja ekki það sem við þurfum ekki „einfalda það sem við þurfum, endurnýta það sem við þurfum að nota - endurvinnna það sem við getum ekki endurnýtt og endurnæra jörðina með lífrænum úrgangi.	umræðum um efnið. Lykilhæfni - Tjáning og miðlun Nemandi getur tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt. - tekur þátt í samvinnu og samtali um hugtakið sjálfbærni.	nemendur Hvað er sjálfbær þróun? Skapandi skóli; hugtakakort Hugtakakort Lykilhugtök
Mengum við? Þetta verkefni byrjar á því að kennarinn sýnir myndband. Fyrst ræðið þið í litlum hóp um hvort að í okkar daglega lífi séum við sjálfbær eða hvort við mengum. • Erum við sjálfbært samfélag? • Mengum við? • Hvað gerum við til að draga úr mengun? Nú skulið þið skrifa ljóð eða smásögu um eina fjölskyldu (eða manneskju) sem er til fyrirmyndar og lifir sjálfbæru lífi og hinsvegar ljóð eða smásögu um umhverfissóða sem mengar gríðarlega mikið. Sýnið kennara textann ykkar. Hann gefur ykkur leiðsögn um hvað þarf að bæta. Endurskrifið textann út frá leiðbeiningunum. Þið lesið ykkar tillögur upp þegar kennari ákveður. Munið að skrifa stóran staf eftir punkt og að hafa setningar stuttar og skýrar.	Mengum við? Námseiningin snýst um að æfa samtal milli nemenda og þjálfra þannig rökhugsun þeirra og hæfni til að leita lausna. Ef þeim dettur lítið í hug er hægt að spyrja dýpkandi spurninga eins og: • Ferðast þeir með bíl styttri vegalengdir, sem þeir gætu gengið? • Er keypt mikið af vörum á heimilinu eða í skólanum sem fara í ruslið en ekki í endurvinnslu? • Hafa þeir séð rusl á jörðinni sem gæti endað í sjónum? • Nota þeir einnota vörur þar sem vel mætti nota fjölnota? Markmið er að fá nemendur til að hugsa um eigin gjörðir og hvað við getum sjálf gert til að draga úr mengun. Nemendur byrja á því að svara hverri spurningu í litlum hóp og svo yfir bekkinn. Það er mjög mikilvægt að þjálfra nemendur í samtalinu og að gæta þess að allir tjái sig. Nemendur skrifa í eigin stílabækur og eru ritunarmarkmið þau sömu og áður eða að skrifa stóran staf á eftir punkti og að hafa setningar stuttar og skýrar. Nemendur fá leiðsögn frá kennara um hvað þeir gætu lagað í textanum. Við mælum með því að nemendur endurskrifi texta í stað þess að stroka út. Þannig sjá þeir framfarirnar þegar þeir skoða bækurnar síðar.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur tekið leiðsögn á jákvæðan hátt. - endurskrifar texta eftir að hafa fengið leiðsögn. Íslenska - Talað mál, hlustun og áhorf Nemandi getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. - er jákvæður í samvinnu, tekur fullan þátt í verkefni og er kurteis við samstarfsfélaga. Íslenska - Ritun Nemandi getur nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis. - nýtir það sem hann hefur lært í þessu verkefni í eigin verkefnavinnu og skrifar texta sem sýnir að hann skilur hvernig hann mengar eða getur dregið úr eigin mengun. Íslenska - Ritun Nemandi getur samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. - skrifar texta sem inniheldur stuttar og skýrar setningar og setur stóran staf eftir punkti.	Amboð Ævar Þór útskýrir mengun Undirbúningur fyrir ritun

Getum við dregið úr mengun? Eftir að hafa horft á myndbönd í amboðum, þá setjist þið í litla hópa sem kennari velur. Þið eigið núna að semja áætlun um hvað við í okkar skóla getum gert til að draga úr plastmengun. Hver hópur finnur og skrifar niður að minnsta kosti fimm leiðir til að minnka plastmengun í skólanum og á skólalóðinni. Svo kynnir hópurinn tillögurnar fyrir bekknum. Þegar allir eru búnir að kynna sínar tillögur, þá velur bekkurinn saman 10 bestu tillögurnar. Að lokum útbúa hóparnir falleg veggspjöld með þessum 10 tillögum og hengja þau á ganga skólans.	Getum við dregið úr mengun? Þetta verkefni snýst um getu til aðgerða. Nemendur gera áætlun í 10 liðum sem þeir kynna fyrir stjórnendum skólans. Þeir læra um plast og plastmengun og velta fyrir sér leiðum til að draga úr plastnotkun. Kennari setur nemendur í litla hópa og hver hópur kemur með 5 tillögur. Allar tillögurnar eru kynntar í bekknum. Að því loknu velja nemendur 10 tillögur sem eru settar upp sem áætlun frá bekk eða árgangi. Það gæti verið sniðugt að hvetja heimilin til að taka þátt í þessu með nemendum. Þ.e. horfa saman á amboðin og gera áætlun um minni plastnotkun heima. Nemendur útbúa nokkur veggspjöld með þessum 10 tillögum og hengja þau upp víða um skólann. Í amboðum eru nokkur athyglisverð myndbönd sem nemendur geta skoðað sjálfir eða kennari sýnt þeim.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Náttúrugreinar - Nýsköpun og hagnýting þekkingar Nemandi getur komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu. - sýnir skilning á því að plast getur verið vandamál fyrir líf á jörðinni. Náttúrugreinar - Ábyrgð á umhverfinu Nemandi getur tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð. - tekur þátt í að finna leiðir til að draga úr plastmengun í skólanum. Náttúrugreinar - Heilbrigði umhverfisins Nemandi getur flokkað úrgang. - sýnir að hann skilur mikilvægi flokkunar á plasti og leiðum til að auka hana.	Amboð Plast - Öfræðsla frá Skólum á grænni grein Why we need to stop plastic pollution in our oceans for GOOD The story of Plastic Tómas Knútsson er einn af hetjum hafsins Nature is speaking - The Ocean Hrós og ígrundunarspurningar fyrir nemendur
Heimilisplast Hvað ef allir myndu safna öllu plasti sem safnast á öllum heimilum hópsins í eina viku? Viltu giska og skrifa í stílabókina þína hvað þú heldur að það fari mikið af plasti í endurvinnsluna á þínu heimili á einni viku. Safnaðu nú saman öllu plasti á heimilinu í eina viku eða yfir annan tíma (kennari ákveður það). Hreinsaðu plastið vel og taktu með þér í skólann. • Hvað söfnuðu þið mörgum kílóum (eða fermetrum)? • Hvernig plast safnaðist saman? • Eru ólíkar tegundir af plasti?	Heimilisplast Þetta heimaverkefni er liður í næsta verkefni sem felst í því að búa eitthvað til úr plastinu sem nemendur koma með í skólann. Nemendur eiga fyrst að vigta plastið og hreinsa. Best er að fá nemendur til þess að giska hvað það fellur til mikið plast á þeirra heimili áður en þeir safna ruslinu saman og mæla síðan allt það plast sem nemendur koma með í skólann. Þetta getur orðið mikið magn en þeim mun áhrifaríkara verkefni. Nemendur geta annað hvort vigtað plastið (sem er oft ekkert voðalega þungt) eða þeir geta lært og mælt fermetra (sem er mun áhrifaríkara þegar við mælum plast). Þetta verkefni getur náði yfir lengri tíma ef nemendur komast á skrið - en hér er kúnstin að nemendur geri sér grein fyrir magninu og þeim vandamálum sem blasa við heiminum að endurvinnna ólíkar tegundir af plasti. Næsta verkefni er svo hönnunaráskorun þar sem þeir koma með hugmyndir um hvað má gera við allt plastið til að nýta það áfram eða endurvinnna.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Stærðfræði - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Nemandi getur kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum. - giskað á plastmagn og borið saman við eigin raunverulegar mælingar. Náttúrugreinar - Nýsköpun og hagnýting þekkingar Nemandi getur komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu. - gerir sér grein fyrir því gríðarlega magni af plasti sem safnast fyrir og endurvinnslu áskorunum.	Amboð Mismunandi tegundir plasts
Hönnunaráskorun Endurvinnsla getur hjálpað okkur að vinna gegn mengun. Getið þið fundið leið til þess að endurvinnna eða nota plastið sem þið söfnuðuð? Kennarinn skiptir ykkur í hópa og fylgir ykkur í gegnum	Hönnunaráskorun Þetta er STEM verkefni (sjá viðhengi) sem byggir á hönnunarhugsun. Sýnið nemendum hönnunarferlið og leyfið þeim að reyna að fylgja því. Í amboðum má finna veggspjald sem hægt er að prenta út og setja upp á vegg í stofunni. Þetta STEM verkefni þjálfar nemendur í að leita lausna. Í verkefninu læra nemendur einnig að rusl er ekki alltaf bara rusl, heldur efni sem má nota í alls	Hæfniviðmið og viðmið um árangur List- og verkgreinar - Menningarläsi Nemandi getur unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. - fylgir einföldu hönnunarferli frá hugmynd að afurð. Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur gert sér grein fyrir	Amboð STEM og STEAM - veggspjald STEM/STEAM hönnunarferli

hönnunarskrefin. Teiknið upp hugmyndir ykkar.	konar sköpun. Í mörgum STEM verkefnum er ákveðin áskorun. Hér er áskorunin að finna leiðir til að endurvinnna eða endurskapa eitthvað sem hingað til hefur farið í ruslið/endurvinnsluna eða á bálið.	eigin hlutverki í samstarfi. - tekur fullan þátt í verkefninu og sýnir jákvæðni og metnað til að gera vel. List- og verkgreinar - Hönnun og tækni Nemandi getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. - Teiknar upp hugmyndir sínar.	
Endurvinnslulistaverk Í þessu verkefni vinnið þið saman að því að búa til listaverk úr rusli. Í amboði sjáið þið hvernig listamenn og krakkar hafa notað plast til að búa til listaverk. Þegar listaverkið er tilbúið gefið þið því nafn, kynnið það fyrir bekknum og segið frá efninu sem þið notuðuð.	Endurvinnslulistaverk Hér er áfram unnið með endurvinnslu og möguleikana sem liggja í ruslinu. Þetta er hluti af því að kenna nemendum að sjá efni, sem þeir eru sífellt með fyrir augunum, í nýju ljósi. Það er væntanlega enn til eitthvað af efni frá fyrri lotu sem nemendur geta notað. Þó er mikilvægt að þeir fari út að leita fjársjóða sem geta leynst í umhverfi skólans til að bæta við efnivið sem hægt væri að nota. Afurðin veltur á sköpunarhæfni nemenda. Tilganginum er náð ef þeir geta búið til listaverk sem byggir á hugmyndum þeirra og hugkvæmni. Verkefnið er hugsað sem paraverkefni en það getur verið einstaklingsverkefni ef það hentar betur.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur List- og verkgreinar - Sjónlistir Nemandi getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. - gerir listaverk sem sýnir hvað hægt er að gera með endurunnu efni. List- og verkgreinar - Sjónlistir Nemandi getur fjallað um eigin verk og annarra. - segir frá eigin listaverki og hvaða efni hann notaði í það.	Amboð Grænu skrefin Rusla listaverk Hrós og ígrundunarspurningar fyrir nemendur
Betri heimur fyrir dýrin okkar			
Námsferli nemenda	Fyrir kennara	Hæfniviðmið	Amboð
Uppáhalds dýrið þitt Veldu þér dýr. • Hvað heitir dýrið? • Hver eru heimkynni þess? • Hvað þarf dýrið til þess að því líði vel? Skrifaðu, teiknaðu og/eða límdu mynd inn í bókina þína. Glósaðu hjá þér allt sem þér dettur í hug.	Uppáhalds dýrið þitt Öll börn eiga sér uppáhalds dýr. Í þessu verkefni skiptir í rauninni ekki máli hvert dýrið er. Markmiðið með þessu verkefni er að leiða nemendur í að hugleiða hvernig aðgerðir mannanna verða til þess að gengið sé á heimkynni dýra. Það er auðveldast að vinna með frumskógardýr og tala um ágang mannanna þar. Vænlegra til árangurs fyrir suma er að nemendur fái tækifæri til að vinna með uppáhalds dýrin sín og ef að þeir velja t.d íslensk húsdýr, þá er það í góðu lagi. Þessi fyrsti hluti gengur út á að þeir skrái hjá sér helstu upplýsingar, teikni og glósi hjá sér það sem þeir muna. Í amboðalistanum eru bækur sem gott er að tína til og hafa við hendina þegar þetta verkefni er unnið og mögulega væri gott að bæta við fleirum ásamt nokkrum vefsíður fyrir nemendur að skoða líka. Það getur líka hjálpað að hafa tilbúna útprentaðar myndir af helstu dýrum og leyfa nemendum að líma inn í bækurnar sínar og skrifa út frá myndum.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Náttúrugreinar - Vinnubrögð og færni Nemandi getur aflað sér upplýsinga er varða náttúruna. - finnur upplýsingar í amboðum sem hann nýtir í verkefnavinnu. Náttúrugreinar - Vinnubrögð og færni Nemandi getur skráð hjá sér athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. - glósar hjá sér helstu upplýsingar um uppáhalds	Amboð Frumskógardýr - fylgstu með þeim vaxa Komdu og skoðaðu dýrin Fylgstu með þeim vaxa, dýrin í eyðimörkinni Íslensk húsdýr

		dýrið sitt.	
Eru dýrin ykkar örugg? Kennarinn skiptir ykkur í hópa eftir því hvernig dýr þið völduð ykkur. Eru dýrin ykkar örugg í því umhverfi sem þau búa í? Er eitthvað sem ógnar tilveru þeirra? Er eitthvað sem maðurinn gerir við náttúruna sem er hættulegt fyrir dýrin ykkar? • Hvað er það? • Er eitthvað sem þið getið gert til þess að minnka þá hættu fyrir dýrin ykkar?	Eru dýrin ykkar örugg? Hér er verið að leiða að orðinu útrýmingarhætta. Best er að láta verkefnið leiða að orðinu frekar en að ganga út frá því. Ef hópurinn er búinn að fara í gegnum allt verkefnið er mikilvægt að beita þeim hugtökum sem þið hafið verið að nota. - Er umhverfi dýranna sjálfbært? - Hefur mengun áhrif á dýrin? - Hefur hlýnun jarðar áhrif á dýrið þitt? - Hefur plastnotkun áhrif á dýrin? Hvað hefur gerst þegar dýr eru komin í útrýmingarhættu?	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Náttúrugreinar - Heilbrigði umhverfisins Nemandi getur fjallað um samspil manns og náttúru. - sýnir skilning á áhrifum mannsins á heimkynni dýranna.	Amboð Dýr í útrýmingarhættu Frumskógardýr - fylgstu með þeim vaxa Komdu og skoðaðu dýrin Fylgstu með þeim vaxa, dýrin í eyðimörkinni Íslensk húsdýr
Heimkynnakassi Nú er komið að því að búa til dýrið þitt og heimkynna kassa fyrir það. Þið megið gera stærri kassa ef þið vinnið saman og dýrin ykkar koma úr sambærilegu umhverfi. Komið með pizzukassa að heiman - helst stóran eða þið smíðið kassa. Þið ætlið að skapa dýrin ykkar og umhverfið þeirra inn í kassanum. Þið munið nota afganga úr smíðastofunni sem þið sagði til og málið og annað tilfallandi efni. Þið voruð búin að teikna mynd af dýrinu ykkar og umhverfi þess - finnið hana og vinnið út frá myndinni ykkar.	Heimkynnakassi Heimkynnakassar eru einföld leið til að samþætta list- og verkgreinar með náttúrufræði. Myndirnar tala sínu máli, sjá amboð. Hér er hægt að nýta smíðaafganga, vinna með pappamassa, leir eða nánast hvað sem er. Skemmtilegt er að setja skilyrði um að heimkynnin séu máluð með t.d. vatnslitamálingu.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur List- og verkgreinar - Hönnun og tækni Nemandi getur unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. - vinnur heimkynnakassa út frá eigin teikningu. Náttúrufræði - Vinnubrögð og færni Nemandi getur aflað sér upplýsinga er varða náttúruna. - vinnur heimkynnakassa út frá náttúrulegum heimkynnum viðkomandi dýrs.	Dæmi um heimkynnakassa
My favorite animal This is an English assignment. Can you please prepare a presentation about your animal? - Use the internet to help you figure out how to spell the words you need - at least the keywords. - Write about the animal and its habitat. Open up a page in your notebook and write down a few words you can use to describe your animal. Your teacher will assign you to a group where you will tell the other students about your animal. The other kids will do the same.	My favorite animal Það er einfalt og þægilegt að nota það sem nemendum er kært til að þjálfa þá í tungumálum. Í rauninni skiptir ekki máli hvort þetta verkefni er unnið á ensku eða dönsku. Hér er líka hægt að nota tækifærið og leyfa nemendum að tjá sig á íslensku ef að móðurmál þeirra er eitthvað annað tungumál. Mikilvægt er að nemendur finni þau lykilorð sem þeir þurfa til þess að segja frá dýrinu sínu. Amboðin sem fylgja gætu hjálpað. Það er ekki sérstakt markmið að nemendur stafsetji rétt heldur að þeir hafi orðin niðurskrifuð sem þeir þurfa að nota til að geta sagt frá dýrinu sínu. Mikilvægast er að glósur hvers og eins séu persónumiðaðar og að þeir komi frá sér eins miklu eða litlu og nemendum er unnt. Þetta verkefni er hugsað sem paraverkefni (unnið með námsfélaga) en kennari ræður að sjálfsögðu sjálfur hvað hentar hópnum.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Enska - Lesskilningur Nemandi getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. - finnur ensk orð sem nemadinn þarf til að segja frá upphalds dýrinu sínu. Enska - Náms hæfni Nemandi getur nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. - notar orðabækur til að hjálpa sér við þýðingu á orðum. Enska - Frásögn Nemandi getur flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem	Amboð Wonderopolis Youtube - Animals of the world Hrós og ígrundunarspurningar fyrir nemendur

		hann hefur haft tækifæri til að æfa. - segir frá uppáhalds dýrinu sínu með glósumnar sínar sér til stuðnings.	
Betra andrúmsloft fyrir alla			
Námsferli nemenda	Fyrir kennara	Hæfniviðmið	Amboð
Tilraun - Koltvísýringur Horfðu á tilraunirnar sem eru í amboðum. Í annarri sýna feðgar hvernig maður býr til koltvísýring og annað þar sem Sævar Helgi og Vilhjálmur Árni gera tvær tilraunir með efnið. Myndböndin sýna efnahvarf. Það þýðir að efni breytast í annað efni þegar þeim er blandað saman. Vissir þú að koltvísýringur er nauðsynlegur öllu lífi á jörðinni og að þegar þú andar frá þér, ertu að setja koltvísýring út í loftið? Taktu þátt í tilrauninni með kennaranum.	Tilraun - Koltvísýringur Þetta verkefni er efnafræðiverkefni. Nemendur blanda saman efnum og mynda koltvísýring eða koldíoxíð - bæði nöfnin eru rétt. Nemendur sjá þannig með eigin augum hvernig áhrif koltvísýringur hefur á líf sem þarf súrefni til að lifa. Efnaformúlan fyrir koltvísýring er CO₂ eða ein kolefnisfrumeind og tvær súrefnisfrumeindir (C= kolefni og O=súrefni). Þó að það sé ekki markmið að nemendur á þessum aldri læri efnafræðiformúlur, gæti þetta höfðað til einhverra nemenda. Það væri líka tilvalið að benda þeim á hvar þessi efni eru í lotukerfinu. Nemendur geta gert tilraun sjálfir eftir að hafa fengið leiðsögn frá kennara. Það eina sem gæti verið skaðlegt er kertið - ef að sú leið er notuð. Spyrjið nemendur hvort að þeir viti af hverju eldurinn slokknar og bendið þeim á að koltvísýringurinn er ósýnilegur en samt allt í kringum okkur. Minnið líka á að trén hjálpa okkur að breyta þessum koltvísýringi í súrefni sem við þurfum til að lifa.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu. - tekur þátt í tilraun, fer varlega með eld og efni og sýnir skilning á verkefninu.	Amboð Feðgar gera tilraun Nei sko!
Tré í nágrenninu Tré eru ekki bara falleg. Þau er líka mjög gagnleg. Þetta er hópverkerkefni. Fyrst horfið þið á myndband sem kennarinn sýnir ykkur. Svo farið þið út og takið myndir af trjám í nágrenni skólans. Finnið að minnsta kosti þrjár mismunandi trjátegundir til að taka mynd af. Prófaðu líka að faðma tré. Hvernig líður þér þegar þú faðmar tré? Síðan útbúið þið glærुकynningu þar sem þið segið frá trjánum og útskýrið með eigin orðum hvernig tré hjálpa til við að draga úr koltvísýringi í andrúmsloftinu.	Tré í nágrenninu Kveikjan að þessu verkefni og umræðu um tré er meðfylgjandi myndband. Höfundar myndbandsins eru nemendur. Frásögn barna með þeirra eigin orðaforða getur vakið meiri áhuga nemenda en það sem fullorðið fólk segir. Lykilorðin hér eru koltvísýringur og andrúmsloft. Þetta er útikennsla og UT. Nemendur fara út og taka myndir af trjám á svæði sem kennari velur. Hver nemandi tekur myndir af a.m.k. þremur mismunandi trjám og býr til glærुकynningu þar sem hann segir frá trjánum. Í amboðum er vefsíða sem er hægt að nota. Það er líka tilvalið að safna saman bókum sem innihalda frekari upplýsingar um tré. Þá geta börnin kafað eins djúpt og þeim hentar við undirbúning glærुकynningarinnar. Í framhaldi af þessari vinnu geta börnin sáð birkifræi sem þau hafa áður safnað og/eða undirbúið eða gróðursett græðlinga - ef árstíðin hentar til þess.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Náttúrugreinar - Náttúra Íslands Nemandi getur sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi. - tekur myndir af trjám í nágrenni skólans og greinir a.m.k. þrjár trjátegundir. Upplýsingatækni - Sköpun og miðlun Nemandi getur notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. - setur upp glærुकynningu þar sem hann kynnir tré sem hann hefur tekið myndir af.	Amboð Tré á Íslandi - nemendamyndband (fyrir kennara) Skógræktin Sáning og uppeldi birkis - fyrir kennara Meðferð vetrargræðlinga - fyrir kennara
Áhrif koltvísýrings Hvaða áhrif hefur aukinn koltvísýringur á loftslag í	Áhrif koltvísýrings? Þetta verkefni er einstaklingsmiðað. Nemendur sem skrifa lítið geta skrifað	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Íslenska - Ritun	Amboð Frásagnir

heiminum? Ímyndum okkur að nú sé árið 2122 og umhverfissóðar hafa stjórnað jörðinni. - Hvernig er umhorfs? - Hvað hefur breyst á jörðinni? Skrifaðu frásögn (sögu eða ljóð) þar sem þú ert sögumaðurinn. Þú segir söguna í þátið og segir okkur hinum frá því sem gerst hefur á síðustu 100 árum. Notaðu eitthvað af orðunum: koltvísýringur, sjálfbærni, endurvinnsla, útrýming, flóttamenn og BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU þjóðanna.	lykilorð, teiknað og sagt frá. Nemendur sem geta skrifað mikið geta leitað að frekari upplýsingum á netinu eða í bókum.	Nemandi getur samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. - skrifar frásögn eða ljóð sem lýsir 100 ára þróun. Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. - sýnir í frásögn skilning á þeirri þróun sem getur átt sér stað ef ekkert er að gert.	
Könnun Í þessu verkefni kannið þið hversu margir í skólanum fá far í skólann á morgnana, hversu margir ganga og hversu margir hjóla. Spyrjið að minnsta kosti 10 manns og setjið niðurstöðurnar upp í forritunum Excel eða Google Sheets. Skoðaðu meðfylgjandi myndband til að læra að setja inn niðurstöður úr könnunum og að búa til stöplarit. Þegar þið eruð búin með verkefnið, þá skrifar hver og einn upplýsingarnar inn í stílabókina sína og teiknar upp stöplaritið.	Könnun Markmið þessarar námseiningar er að gefa nemendum verkfæri til að setja upp niðurstöður úr könnunum í töflureikni. Þetta er mjög einfalt í þessu verkefni og meðfylgjandi eru tvö stutt myndbönd sem sýna hvernig nemendur setja inn niðurstöður úr eigin könnun í annað hvort Excel eða Sheets. Nemendur eru að kanna ferðamáta samnemenda. Þeir eiga að spyrja minnst 10 manns en gjarnan fleiri. Nemendur skrifa upp niðurstöðurnar í stílabókina, með viðeigandi tölum og stöplariti.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Stærðfræði - Að geta spurt og svarað með stærðfræði Nemandi getur sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. - tekur þátt í samvinnu um gerð rannsóknar sem sett er upp í tölvu og stílabók. Stærðfræði - Tölfræði og líkindi Nemandi getur safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið. - framkvæmir rannsókn hjá a.m.k. 10 manns. Stærðfræði - Tölfræði og líkindi Nemandi getur talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. - setur upp könnunina skv. leiðbeiningum bæði í tölvu og í stílabók.	Amboð Excel Google Sheets
Hvernig getum við haft áhrif? Hafa börn áhrif? Hvernig geta börn unnið gegn hlýnun jarðar og minnkað mengun í umhverfinu? Geta þau látið rödd sína heyrast í samfélaginu? Ræðið í hópum um hvað þið getið gert. Veljið minnst þrjár leiðir til aðgerða. Kynnið tillögurnar ykkar fyrir bekknum. Þegar allir hópar eru búnir að kynna þá veljið þið saman þá leið sem ykkur finnst mest spennandi. Undirbúið verkefnið saman og	Hvernig getum við haft áhrif? Þetta er samvinnuverkefni sem getur orðið að risa verkefni náist upp stemning hjá krökkunum. Mögulega vilja þau halda ráðstefnu, setja upp leikrit, búa til bíómynd eða útvarpsstöð eða hvað sem er. Námsmarkmið verkefnisins er að nemendur upplifi að þeirra rödd skipti máli og einnig að þjálfra lýðræðisleg vinnubrögð. Hér er mikilvægt að kennarinn styðji við að aðgerðir nemenda verði að veruleika. Þessi litla námseining getur orðið að risavöxnu verkefni sem hægt er að hengja fjölmörg hæfniviðmið á. Þegar búíð er að velja leið, undirbúa allir hóparnir verkefnið og framkvæma það	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Samfélagsfræði - Reynsluheimur Nemandi getur bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu. - skilur að hann getur haft áhrif og tekur þátt í lýðræðislegu vali á viðfangsefni. Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. - sýnir skilning á því að hann	

skipuleggið hvernig þið ætlið að gera þetta. Markmiðið er að þið hafið áhrif á bætta umgengni ykkar og allra annarra, þannig að vandið ykkur vel og ákveðið hvernig þið ætlið að hafa áhrif á fólk í kringum ykkur og setjið það í framkvæmd.	saman.	getur tekið þátt í að vinna gegn hlýnun jarðar. Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. - tekur fullan þátt í samvinnu og við að undirbúa tillögur bekkjarins.	
STEAM verkefni			
Námsferli nemenda	Fyrir kennara	Hæfniviðmið	Amboð
STEAM verkefni Nú fær hópurinn þinn verkefni frá kennaranum sem þið eigið að leysa. Í þessu verkefni þurfið þið að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningum kennarans. Þegar hópurinn hefur lokið verkefninu þá á hver nemandi að teikna hlutinn í umhverfi að eigin vali.	STEAM verkefni Kennari les upp leiðbeiningar með verkefni sem fylgja í amboðum. STEM stendur fyrir science, technology, engineering og mathematics og snýst um að nemendur kynni sér hvað felst í störfum sem tengjast þessum greinum og áskorunum sem sérfræðingar í þeim þurfi að klást við.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Samfélagsfræði - Félagsheimur Nemandi getur hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir. - tekur þátt í samvinnuverkefni og leitast við að finna lausnir með öðrum í hópnum. List- og verkgreinar - Sjónlistir Nemandi getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. - teiknar upp afurðina sína í umhverfi að eigin vali.	Amboð STEM verkefni (fyrir kennara)
Valverkefni Veldu tvö af meðfylgjandi <u>valverkefnum</u>. Skrifaðu um þau í stílabókina þína og teiknaðu eða taktu myndir sem þú límir inn í bókina þína.	Valverkefni Nemendur velja sér nú tvö af valverkefnunum og gera grein fyrir þeim í stílabækurnar sínar. Kennarar geta bætt við hæfniviðmiðum sem tengjast ákveðnum valverkefnum eins og hentar.	Hæfniviðmið og viðmið um árangur Lykilhæfni - Sjálfstæði og samvinna Nemandi getur unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á. - velur sér valverkefni og vinnur í þeim sjálfstætt og án mikillar leiðsagnar.	Valverkefni